

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2022

Mánudagur 23. maí kl. 17:15
Arion banki, Borgartúni 19



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Dagskrá

1. [Skýrsla stjórnar](#)
2. Kynning ársreiknings
3. [Kosning stjórnar](#)
4. [Tryggingafræðileg athugun](#)
5. [Fjárfestingarstefna sjóðsins](#)
6. [Kjör endurskoðanda](#)
7. [Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins](#)
8. [Laun stjórnarmanna](#)
9. [Önnur mál](#)



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir

Formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kosning stjórnar



Kynning frambjóðenda í aðalstjórn

- Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
- Elías Jónatansson
- Elín Þórðardóttir
- Yngvi Harðarson
- Jón Guðni Kristjánsson

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

49 ára

Lögmaður & framkvæmdastjóri Lagastoðar



- **Starfsferill/stjórnarseta**

- Lagstoð lögfræðipjónusta – lögmaður og framkvæmdastjóri.
- Reykjavíkurborg – borgarfulltrúi, sat í borgarráði og fjölda annarra nefnda með fullnaðarúrskurðarvald.

- **Menntun/reynsla**

- MBA – Háskóli Íslands.
- Lögmannsréttindi.
- Cand.jur. – Háskóli Íslands.
- Verzlunarskóli Íslands.



<https://lagastod.is/is/logmenn/sveinbjorg-birna-sveinbjörnsdottir/>

- **Markmið með framboði**

- Að tryggja sjóðfélögum rödd í stjórn sjóðsins.
- Að tala fyrir útboðum í rekstri sjóðsins í því skyni að auka sjálfstæði og bæta árangur.

Elías Jónatansson

62 ára

Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf.



- **Starfsreynsla og stjórnarseta**
 - Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða frá 2016
 - Bæjarstjóri í Bolungarvík 2008 til 2016
 - Í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 2007
 - Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur 2005-2006, - sjóðurinn sameinaðist Frjálsa 2006
 - Stjórn Íslandspósts 1998 – 2008
 - Framkvæmdastjórn, framleiðslustjórnun og tæknileg ráðgjöf í fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi, vinnslu sjávarafurða o.fl. 1988 – 2008
 - Hönnunarstörf á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen 1985-1988
- **Menntun/reynsla**
 - MSc í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University
 - Vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands
- **Markmið með framboði**
 - Að vinna áfram að eflingu sjóðsins með skynsamlegri fjárfestingarstefnu og hæg sjóðfélaga að leiðarljósi
 - Að gera sjóðinn sýnilegri með markvissri markaðssetningu og kynningu á kostum sjóðsins
 - Að vinna áfram að hagkvæmari rekstri sjóðsins

Elín Þórðardóttir

-

Fjármálastjóri Árvakurs hf



- Sit í stjórn Póstdreifingar og í Frjálsa lífeyrissjóðnum
- Rekstrarhagfræðingur frá háskólanum í Álaborg
- Cand.merc. í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja
- Yfir 30 ára reynsla sem stjórnandi s.s fjármálastjóri, framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og ráðgjafi
- Vil gæta hagsmuna sjóðfélaga með því að ávaxtafjármuni með tilliti til áhættu og hafa hagsmuni sjóðfélaga ávalt að leiðarljósi

Yngvi Harðarson

61 árs

Framkvæmdastjóri og stofnandi Analytica



Starfsferill

- Framkvæmdastjóri hjá Askar Capital hf (áhættustýring, vogunarsjóðir, áhætturáðgjöf), 2007-2010
- Framkvæmdastjóri og stofnandi Ráðgjöf og efnahagsspár ehf, 1993-2006
- Hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda, 1990-1993
- Aðjúntk við Viðskipta og hagfræðideild Háskóla Íslands, 1990-1992
- Hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, 1988-1990

Menntun

- Próf í verðbréfavíðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík, 2008
- CMT próf í tæknigreiningu fjármálamarkaða frá Market Technicians Association, 2005
- Próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation, 1989
- MA próf í hagfræði frá Queen's University, 1988, sérsvið hagrannsóknir og peningamálahagfræði
- Viðskiptafræðingur, Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands, 1986

Markmið með framboði

- Standa vörð um góðan árangur og hagkvæmni í rekstri
- Stuðla að faglegri umræðu um málefni sjóðsins, gagnsæi og sterkri ásýnd

Jón G. Kristjánsson

77 ára



- **Starfsreynsla og stjórnarseta**

- Stjórnarmaður Frjálsa lífeyrissjóðsins
- Framkvæmdastjóri LSS nú Brú lífeyrissjóður
- Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar
- Skrifstofustjóri Borgarverkfræðings

- **Menntun/reynsla**

- Hæfismat hjá FME
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Héraðsdómsslögmansréttindi
- Embættispróf í lögfræði

- **Markmið með framboði**

- Nýta djúpa þekkingu og áratuga reynslu til að stuðla að farsælum rekstri lífeyrissjóðsins
- Fulltrúi eldri kynslóðarinnar sem útvíkkar reynsluvið og bakgrunn stjórnar

Frambjóðendur í varastjórn eru sjálfkjörnir



Haraldur Pálsson
Sjálfkjörinn til þriggja ára



Sigurður H. Ingimarsson
Sjálfkjörinn til tveggja ára



Lilja Bjarnadóttir
Sjálfkjörinn til eins ára

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson cand.act

Tryggingastærðfræðingur



Tryggingafræðileg athugun



Tilgangur:

Meta hvort að eignir sjóðsins séu nægar til að uppfylla þau fyrirheit sem sjóðfélögum hafa verið gefin um greiðslu lífeyris

Samanburður:

Eignir og verðmæti iðgjalda /

Skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris

Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað en eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga

– Vænt niðurstaða metin með tölfræðilegum líkönum

Tryggingafræðileg athugun



- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998
- Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur
- Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við í viðkomandi sjóð er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur
- Ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum
- Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er vikið frá staðalforsendum með lækkun örorkutíðni
 - Notað 59% af meðaltalsreynslu lífeyrissjóða fyrir karla og 66% fyrir konur

Tryggingafræðileg athugun




- Fjármálaráðuneyti auglýsti í lok desember breytingar á forsendum eftir reglugerð 391/1998
 - Lífslíkur ætti að meta miðað við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni
 - Eftir líkaninu fara lífslíkur vaxandi með fæðingarári, það er, búist er við því að þeir sem eru fæddir seinna lífi lengur
 - Lífeyrissjóðum var gefinn frestur til 2023 til að taka líkanið upp
 - Einnig var felld niður niðurfærsla eigna með breytilegar tekjur
- Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ákvað að líkanið skyldi notað strax við tryggingafræðilega athugun sjóðsins í lok árs 2021
- Breyting á lífslíkum hefur meiri hlutfallsleg áhrif hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum en mörgum öðrum sjóðum þar sem viðmiðunaráldur lífeyristöku er hár, 70 ár

Reiknilíkan fyrir breytingu á lífslíkum




- Líkanið er byggt á breytingum á aldursbundnum árs dánarlíkum 1999-2018
- Reiknað er aðgreint fyrir karla og konur
- Gert er ráð fyrir að breytingar verði með svipuðum hætti næstu 20 ár
- Næstu 25 ár hægi svo á breytingum niður í 1% árlega lækkun dánarlíkinda hvers árgangs
- Reiknað er með að sú lækkun haldi áfram svo langt sem reiknað er


Dánarlíkur — breyting meðal 70 ára karla



Dánarlíkur — breyting meðal 70 ára kvenna



Eftirlifendaföll - karlar



Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun 2021 - fjárh. í milljónum



Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	127.148,5		127.148,5
Endurmat, skuldabréf	-8.004,8		-8.004,8
Núvirði iðgjalda		118.509,5	118.509,5
Samtals eignir	119.143,7	118.509,5	237.653,2
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	96.576,4	113.959,3	210.535,7
Örorkulífeyrir	16.912,2	21.047,4	37.959,6
Makalífeyrir	4.136,3	3.944,6	8.081,0
Barnalífeyrir	147,7	947,8	1.095,5
Rekstrarkostnaður	1.285,6	2.820,7	4.106,3
Samtals skuldbindingar	119.058,2	142.719,9	261.778,1
Eignir umfram skuldbinding	85,5	-24.210,4	-24.124,9
Hlutfall	0,1%	-17,0%	-9,2%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg staða 2021 – miðað við fyrri forsendur fjárh. í milljónum



Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	127.148,5		127.148,5
Endurmat, skuldabréf	-8.004,8		-8.004,8
Núvirði iðgjalda		117.960,4	117.960,4
Samtals eignir	119.143,7	117.960,4	237.104,1
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	81.888,5	92.327,5	174.216,0
Örorkulífeyrir	16.356,3	20.328,4	36.684,7
Makalífeyrir	4.872,7	5.090,6	9.963,3
Barnalífeyrir	147,7	1.024,9	1.172,6
Rekstrarkostnaður	1.247,2	2.859,1	4.106,3
Samtals skuldbindingar	104.512,3	121.630,6	226.142,9
Eignir umfram skuldbinding	14.631,4	-3.670,2	10.961,2
Hlutfall	14,0%	-3,0%	4,8%

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Fjárfestingar- stefna 2022

Hjörleifur Arnar Waagfjörð

Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta



Áherslubreytingar milli ára í fjárfestingarstefnum




- Hlutfall erlendra fjárfestinga aukið líkt og síðustu ár
- Vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga aukið
- Vægi skráðra innlendra hlutabréfa aukið
- Dregið úr vægi innlendra skuldabréfa
- Dregið úr vægi sértryggðra skuldabréfa
- Aukin áhersla á skuldabréf sveitarfélaga
- Vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar

Fjárfestingarstefna Frjálsa



Vægi hlutabréfa:	59%	65%	46%	50%	22%	25%	-	-	31%	35%
Erlendar eignir:	47%	47%	40%	42%	20%	21%	-	-	30%	34%



Stefna Frjálsa um ábyrgar fjárfestingar



Markar stefnu sjóðsins um siðferðisleg viðmið

- Frjálsi hefur skrifað undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum


Climate Investment Coalition (CIC):

- Vilji til að ráðstafa um 37 ma. kr. í fjárfestingar sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030



Climate
Investment
Coalition

Kolefnisfótspor Frjálsa



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kjör endurskoðanda



Kjör endurskoðanda



Lagt er til að KPMG verði áfram endurskoðandi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Rökstuðningur:

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund
- Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Breytingar- tillögur stjórnar á samþykktum



Tillögur stjórnar að samþykktarbreytingum



Breytingartillögur stjórnar sem hér verða kynntar snúa að 16. gr. samþykktar sjóðsins

1. Tillaga til breytinga á grein 16.5 (erfð séreignar)
2. Tillaga til breytingar á grein 16.2 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

Breyting á grein 16.5



Breytingartillaga 1 (erfð séreignar)

16.5 Deyi sjóðfélagi áður en séreignin er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins. **Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélaga við andlát, sbr. reglur erfðalaga. Börn samkvæmt þessari grein teljast börn og kjörbörn sjóðfélaga í skilningi erfðalaga.**

Rökstuðningur:

Með breytingartillögunni er lagt til að í ákvæði 16.5 varðandi erfð séreignar verði maka- og barnahugtakið skilgreint með skýrum hætti til upplýsinga fyrir sjóðfélaga. Þannig verði vísað í erfðalög, líkt og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gera. Samkvæmt erfðalögum getur aðeins maki sem gengið hefur í hjúskap með réttthafa skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993, börn og kjörbörn talist til skylduerfingja, en ekki t.d. maki í óvígðri sambúð eða fóstur- eða stjúpborn, sem þó geta átt rétt á maka- eða barnalífeyri að ákveðnum skilyrðum laga og samþykka uppfylltum.

Breyting á grein 16.2



Breytingartillaga 2 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftir á. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, ~~á teknu tilliti til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum,~~ er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Rökstuðningur:

Með breytingartillögunni er lagt til að úr ákvæði 16.2 verði fjarlægð tilvísun þess efnis að hámarks upphæð eingreiðslu skuli taka tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum. Breytingin er í samræmi við breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og almennt vinnulag.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Laun stjórnarmanna



Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna



Stjórnarlaun aðalmanna

- Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði, 250.000 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.
- Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.
- Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

- Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.
- Árslauð varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2022

Mánudagur 23. maí kl. 17:15
Arion banki, Borgartúni 19

